

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar um 300 en starfsmenn allir kringum 640. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 19. TBL.

11. JANÚAR 2008

## Nokkrar lykiltölur um grunnskólastarf í bænum

Það eru komin áramót og lesendum Skólavefritsins býð ég gleðilegt ár. Á nýju ári er talið eðlilegt að líta um öxl og í tilefni þess verða kynntar tölfraðilegar upplýsingar um skólastarf í bænum.

Nemendur á grunnskólaaldri í Hafnarfirði eru í vetur 3.854. Flestir eru í grunnskólum bæjarins eða 3.732. Í einkaskólum eru 66 nemendur og í grunnskólum í öðrum sveitarfélögum eru 44 nemendur og loks eru 12 nemendur í sérskólum utan Hafnarfjarðar (aðallega Öskjuhlíðarskóla). Af nemendum í grunnskólum Hafnarfjarðar eru 78 í sérdeildum

grunnskólanna og ef allir nemendur sem eru í sérdeildum og sérskólum eru taldir saman er þeir 2,3% grunnskólanemenda í bænum. Þeir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál eru 140. Gildir hér einu hvort foreldrar eru báðir útlendir, annað foreldri eða bæði eru íslenskir. Þeir eru því 3,8% nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Alls eru 640 starfsmenn í grunnskólum bæjarins, þar af skólastjórn-

endur 16, kennarar og deildarstjórar 302, leiðbeinendur 31, námsráðgjafar, þroskaþjálfar og upplýsinga- og bóka-safnsfræðingar eru 31 og aðrir starfsmenn eru 262. Loks eru nemendur sem sækja heilsdagsskóla í vetur 625 alls og eru því 44% nemenda í 1.-4. bekk sem nýta sér heilsdagsskólann.



Myndin er af ungum nemendum í Setbergsskóla rétt fyrir jólin.

## Margmiðlunarsamkeppni kynnt til sögu

Skólaskrifstofan hefur ákveðið að standa fyrir margmiðlunarsamkeppni fyrir unglina í 8.-10. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar. Keppnin fer fram á vorönn 2008 og lýkur þann 15. apríl. Keppnin felst í því að nemendur skila inn margmiðlunarverkefni sem er 3-4 mínútur að lengd og fjallar um það að vera unglingur í dag. Það felur í sér að nemendur semja verkefni algjörlega sjálfir, þ.e. myndir (ljósmyndir og/eða kvikmyndir), tal og texti sé þeirra verk.

Þess er vænst að kennar-

**VERKEFNISVEFSLÓÐ:** <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/margmidlunarsamkeppni2008dreifibref.pdf>

## Skólaþróun

ar geti nýtt samkeppnina í verkefni í kennslu sinni, t.d. í íslensku, samfélagsfræði og tölvukennslu.

Dómnafnd metur verk og kynnir niðurstöður sínar á **Björtum dögum** í vor á 100 ára afmæli bæjarins. Það verða þrjú verðlaun veitt og eru starfsmenn myndavélar í verðlaun.

Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna í dreifibréfi sem er á vef Hafnarfjarðarþrá (slóð hér neðar). Dreifibréfið verður einnig sent til skóla og er þess vænst að það verði hengt upp í hverri umsjónarstofu 8.-10. bekkja í Hafnarfirði.





## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 17. desember  
151. fundur:

- Kynnt rannsókn á högum og líðan 5.-7. bekkinga í Hafnarfirði.
- Veittur styrkur til **Skóla-hreysti** að upphæð kr. 150.000.
- Veittur styrkur til **Vitans-**verkefnastofu að upphæð kr. 150.000 vegna nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.
- Beiðnum um fjarskiptamöstur á skólabyggingum vísað til framkvæmdaráðs, vísar til umsagnar heilbrigðiseftirlits og nauðsyn heildrænnar stefnu í bænum.
- Kynnt drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.
- Kynnt og samþykkt umsögn fræðsluráðs/-sviðs um deiliskipulag fyrir Hamrahverfi, aðallega leik- og grunnskóla.
- Kynnt bréf frá menntamálaráðuneyti þar sem vakin er athygli á alþjóðlegri lista-samkeppni ungs fólks.
- Fyrirspurn frá Rósu Guðbjartsdóttur um (a) reglur um skólalund í óveðri og viðbrögð við slíku, (b) starfsáætlanir um skólastarf í samræmi við skólafestnu Hafnarfjarðar og (c) mati á skólastarfi í einstökum stofnunum fræðsluviðs (áætlanagerð, sjálfsmats-skýrslur o.fl.)

Sjá nánar vef bærjans.

### Tilkynning vikunnar

Námskeiðahald fyrir vorönn 2008 er í undirbúningi og verður námskeiðsbæklingur sendur út til kennara síðar í janúar.

Næsta blað  
**Skólavefritsins** er  
væntanlegt föstudaginn  
18. janúar 2008

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Þróunarsjóður námsgagna er nýr sjóður á vegum menntamálaráðuneytis og annast hann úthlutun fjármagns til kostunar námsefnis fyrir grunnskóla í stað þess að Námsgagnastofnun fái slíkt sjálfkrafa eins og áður var. Sjóðurinn hefur nú auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir nýtt kennsluefni. Umsóknarfrestur er til 8. febrúar nk. Sjá nánar hér: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Auglysingar/allar/nr/4367>
- » Rétt fyrir áramótin komu út hjá Námsgagnastofnun þrjár nýjar vinnubækur við sögubækur í flokknum auðlesið efni. Vinnubækurnar eru því ætlaðar nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál eða þurfa sérstakan stuðning við íslenskunámið. Þetta eru vinnubækur við **Loftur og gullfuglarnir**, **Lukkuðýrið** og **Allt getur gerst**. Þær henta helst nemendum á yngri stigum, þ.e. á yngsta stigi eða miðstigi.
- » Kynning á 152. fundi fræðsluráðs sem haldinn var 7. janúar kemur í næsta **Skólavefriti** þar sem eftir átti að kynna fundargerð ráðsins frá 17. desember sem birt er í þessu blaði.



Myndin er frá uppsetningu 10. bekkinga í Viðistaðaskóla á Litlu hryllingsbúðinni fyrir jólin.

### Stafrænar leiðir í geymslu námsefnis

Fræðiefni vikunnar er um ferilmöppur og leiðir til að geyma námsvinnu nemenda á stafrænu formi sem á ensku nefnist "e-portfolios". Þetta er fræðigreinin sem heitir **An Overview of e-Portfolios** og er eftir Geroge Lorenzo og John Iltelson, alls 27 síður.

Hugmyndin um ferilmöppur (portfolios) gengur undir ýmsum nöfnum á íslensku en hugmyndin er upphaflega komin úr tiskugeiranum (að best ég veit). Ferilmöppur í skólastarfi snúast um það að

geyma góð sýnishorn af námsvinnu nemenda til að sjá framfarir, vinnubrögð og áherslur í námi nemenda. Aukinn áhugi fyrir þeim núna stafar ekki síst af því að með tölvutækninni má geyma ferilmöppur á raf-rænu formi, hvort sem er á opnum eða lokuðum náms-svæðum. Þar með skapast ýmsir möguleikar fyrir skólastarf.

Kannski eitthvað sem þú vilt kynna þér betur?

VEFSLÓÐ: <http://www.educause.edu/ir/library/pdf/ELI3001.pdf>

### Fræðiefnið



### Fríar heimildamyndir á vefnum

Vefurinn er stöðugt að þróast og sífellt meira hægt að nýta hann. Hér gefur aukinn bandbreidd og hraði í gagnaflytningum möguleika á að ná í og horfa á kvikmyndir. Vefurinn Free documentaries býður upp á friar heimildamyndir, gjarnan pólitískar. Flestar myndirnar eru líklega bandarískar en þær geta þó sjálfsagt verið áhugaverðar út frá sögu og

VEFSLÓÐ: <http://freedocumentaries.org/>



samtíma. Sumar myndanna eru þekktar hér en aðrar ekki. Áhugavert finnst mér.